

**Mál nr. 198/2014**  
**M**  
**og V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X.**

**Fall í verslun 20. janúar 2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 24. júní ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 7. júlí 2014, ásamt myndbandsupptöku.

**Málsatvik.**

M var staddur í verslun X þegar hann féll og slasaðist þann 20. janúar 2013. Nánar tiltekið gekk hann inn í verslunina og féll þegar hann hugðist ganga yfir svarta mottu sem lá á hvítu, flísalögðu gólfi. Myndbandsupptaka liggur fyrir þar sem er hægt að sjá að þegar M hugðist ganga yfir fyrrgreinda mottu þá féll hann fram fyrir sig eftir að fótur hans fór undir mottuna.

M telur að X sem eigandi fasteignar og rekstraraðili verslunarinnar beri skaðabótaábyrgð vegna fallsins þar sem umbúnaður hafi ekki verið í lagi. M vísar m.a. til 6. gr. reglugerðar nr. 581/1995 um upphækkningar á gólfi og þess að fall M megi rekja beint til staðsetningar á mottunni og þess að hún hafi ekki verið í sömu hæð og gólfið.

V telur að X hafi gert eðlilegar ráðstafanir í verslun sinni til að minnka hættuna á falli í versluninni vegna mögulegrar bleytu á gólfi sem getur borist inn með viðskiptavinum á þessum tíma árs. V bendir á að motturnar sem notaðar eru séu greinilegar, verandi svartar á hvítu gólfi, sem og algengar í sama tilgangi og brún þeirra ekki nema 1,1 mm á þykkt. Það skapi ekki hættuaðstæður almennt og slys M sé ekki hægt að rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á.

**Álit.**

Málsatvik málsins eru ljós af því að horfa á myndbandsupptöku af atburðinum. Þar koma einnig fram hvernig aðstæður á vettvangi voru. Ekki er hægt að sjá að þær ráðstafanir sem gerðar voru varðandi hálkuvarnir í versluninni hafi verið óvenjulegar eða til þess fallnar að skapa sérstaka hættu. Mottur sem notaðar voru eru greinilegar á gólfinu, þykkt þeirra er ekki mikil þannig að almenn slyshætta hafi verið af. Verður því fall M ekki talið rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á og greiðast því ekki bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 9. september 2014.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Ólafur L. Einarsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.